

Ekkert venju- legt barn

Listakonan Marsibil Kristjáns-
dóttir lætur gamminn geysa
í léttu og skemmtilegu
viðtali,



— Sjá bls. 16 og 17

Líkkistusmiður lifir lífinu lifandi

Arnór Magnússon á Ísafirði hóf líkkistusmiði árið 1996 og stundar það enn í hjáverkum en hans aðalstarf í dag er að sinna umdæmissjórarstarfi Ísavia á Vestfjörðum. „Mér fannst líkkistusmiðin áhugaverð og fór því til Reykjavíkur og kynnti mér starfið. Síðan hef ég starfað við þetta og eiginkonan sér um saumaskapinn,“ segir Arnór. Hann segist hafa metnað fyrir starfinu en skemmtilegast þykir honum þó að endurbyggja hús.



— Sjá bls. 12 og 13



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 8. ágúst 2013 · 31. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Líf og fjör á Mýraboltanum



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



- HAMRAD GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSÍÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1989

Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 · KÓPAVOGI · 54 54 300 · SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Arðgreiðslur ekkert feimnismál

„Það hefur alltaf verið greiddur einhver hóflegur arður. Veidigjaldið er landsbyggðarskattur sem hefur ekkert með veiðigjaldið að gera,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal, aðspurður um arðgreiðslur HG og hvort stærri fyrirtæki í sjávarútvegi sem greiða sér háan arð, eigi í nokkrum vandræðum með að greiða sérstakt

veiðigjald. Hann segir arðgreiðslu HG ekki í líkingu við þá upphæð sem fyrirtækið greiðir í veiðigjöld.

„Ég held að þessi umærða um veiðigjald og arðgreiðslur sé að skauta framhjá. Þeir sem leggja áhættufjármuni í rekstur fyrirtækja verða að fá arð af sínu fjármagni. Miðað við umræðuna held ég að menn hafi verið að líkja þessu saman við einhver

ríkisskuldabréf. Það eru miklir fjármunir fölgir í þessum félögum en það leggur engin áhættufé í fyrirtæki ef það er banna að taka út arð,“ segir Einar Valur.

Hann segir að verið sé að rugla umræðuna með því að bera þetta tvennt saman. Ekki sé komist hjá því að greiða veiðigjaldið, sem er landsbyggðarskattur að hans sögn, en arður sé ekki greiddur út nema ef til er eigið fé í fyrir-

tækinu. „Ef þú vilt fá fjármagn til að reka fyriræki verður þú annað hvort að hafa eigið fé eða vera með lánsfé. Arðgreiðslurnar sem verið er að greiða eru miklu lægri en þyrfti að borga af einhverju lánsfé. Það liggur fyrir að ef sjóðir eða einstaklingar eiga að leggja fé í áhætturekstur þarf að greiða arð af því og það á ekki að vera eitthvert feimnismál,“ segir Einar Valur.

Arðgreiðslur eru vextir af fjármagni sem bundið er í rekstrinum og það er slæmt ef komið er fram við atvinnugrein þannig að enginn þori að leggja í hann áhættufé, að sögn Einars Vals, en sjávarútvegurinn er fjárfrekur rekstur og áhættusamur. „Við búum við umhverfi sem sveiflast til, bæði náttúran sjálf, markaðirnir og annað.“

– hordur@bb.is

AtVest með 100 verkefni í gangi

„Heilt yfir erum við með um 100 verkefni í gangi í einu sem við tökum fyrir vikulega í umræðum okkar. Sum þessara verkefna eru lengri tíma verkefni og oft er verið að ræða sama verkefnið aftur og aftur í nokkra mánuði,“ segir Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Fimm verkefnastjórar starfa hjá félaginu og hefur hver þeirra ríflega tuttugu verkefni á sinni könnu hverju sinni. „Við erum mikið að vinna með fyrirtækjum sem eru þegar starfandi og veita þeim ráðgjöf svo þetta er ekki allt nýsköpun. Nýsköpunarverkefni eru kannski um 20% af heildinni. Hitt eru verkefni eins og hefðbundin viðskiptaráðgjöf til starfandi fyrirtækja og aðila sem eru í rekstri, mál eins og fjárhagsleg endurskipulagning, hvernig greiða á úr rekstrarvanda eða annað slíkt. Það kennir ýmissa grasa hjá okkur,“ segir Shiran.

Ekki er því hægt að segja að 100 nýir sprotar séu á teikniborðinu hverju sinni. Shiran segir að það mætti alveg vera meira af því, það væri gaman að takast á við fleiri sprotafyrirtæki eins og Örnú í Bolungarvík og fleiri verkefni. „Við viljum meira af því en það byggir á fólkinu með hugmyndirnar. Við gerum lítið á eigin spýtur. Við verðum að vinna með góðu fólki eins og Hálfadáni og Þórarni í Bolungarvík,“ segir Shiran.

Kirkjuvörður

Ísafjarðarkirkja óskar eftir að ráða kirkjuvörð í hlutastarf.

Upplýsingar gefur formaður sóknarnefndar í síma 848 4878.



Markús ÍS sökk í Flayteyrarhöfn

Trébáturinn Markús ÍS sökk í Flateyrarhöfn aðfararnótt sunnudags en lensidæla skipsins var ekki í gangi. Guðmundur M. Kristjánsson, yfirmaður hafna Ísafjarðarbæjar, segir bátinn á ábyrgð eigenda sinna og var hann í þeirra umsjá. Reyna átti að ná bátinum upp á þriðjudag. Markús er gamall trébátur sem var smíðaður árið 1960 og hefur ekki verið gerður út í nokkurn tíma. Meðfylgjandi mynd tók Páll Önnundarson.

Úthafs-rækjuveiðin: Plan B ljótt fyrir Ísafjörð

„Plan B er ljótt fyrir Ísafjörð og nágrenni. Það er búið að segja upp allri áhöfn á einu skipi og litli báturinn okkar er að fara á fiskitroll. Við vitum ekki hvernig verður með togarann Ísbjörn en

hann er um þessar mundir í Kanada. Komi hann heim með skottið á milli lappanna gefust við upp á erlendra útgerð,“ segir Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður rækjuvinnslunnar Kampa ehf., á Ísafirði. Hann segist ekki vita hvað taki við, verði úthlutun aflaheimilda í úthafs-rækju ekki samkvæmt veiðireynslu síðustu ára.

Úthafs-rækjuveiðar voru stöðvaðar 1. júlí og boðaðar breytingar á fyrirkomulagi veiðanna. Ekkert hefur verið gefið upp hvernig þeim muni verða háttað en samkvæmt upplýsingum frá atvinnu-

vega- og nýsköpunarráðuneytinu hefur ákvörðun ráðherra dregist þar sem ráðherra hefur beðið eftir lögfræðilíti sem nú liggur fyrir samkvæmt heimildum blaðsins. Niðurstaða ætti því að liggja fyrir í málinu áður en langt um líður.

„Við höfum beðið með allt í fleiri vikur. Við höfum ekkert getað hugsað um framtíðina síðan ákveðið var að rækjuveiðar yrðu bannaðar. Það lá fyrir í maí, síðan þá höfum við ekkert vitað hvar við stæðum til framtíðar. Við höfum ekki getað spáð í nokkurn skapaðan hlut en erum með rekst-

ur í Bolungarvík sem við erum að reyna að koma í gang, vaxandi starfsemi á Ísafirði og þrjú skip. Við höfum verið ráðþrota í um þrjá mánuði og vitum ekki hvernig plan B verður með rækjunna heilt yfir,“ segir Jón.

Sem stendur liggja rækjuskipin Ísborg og Gunnbjörn við bryggju á Ísafirði. Verði aflaheimildum ekki úthlutað samkvæmt veiðireynslu er hætt við að þau verði þar áfram og fleiri bætist við. Ef aflaheimildum verður úthlutað skv. veiðireynslu eru allar líkur á að skipin haldi á ný til rækjuveiða.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 8. - 11. júlí

samkaupurval.is

30%
afsláttur

verð áður 1.498 kr/kg

1.049 kr/kg

Ýsa

flök, roð og beinlaus, frosin



verð áður 1.998 kr/kg

Lax

flök, snyrt, frosin

1.598 kr/kg



verð áður 2.398 kr/kg

1.894 kr/kg

Úrvals svínalundir

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Ódýrt

verð áður 349 kr/pk

249 kr/pk

Hamborgarar 2 x 90g



verð áður 1.898 kr/kg

Úrvals svína-
kótelettur

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

1.291 kr/kg

32%
afsláttur

50%
afsláttur

verð áður 349 kr/stk

175 kr/stk

Nýbakað á staðnum!

Croissant með skinku



...sjá uppskrift

„Kínakálssalat
með appelsínunum
og tahinisósu”

samkaupurval.is



50%
afsláttur

verð áður 298 kr/kg

Íslenskt kínakál 149 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu nýjustu tilboðin og uppskrift í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni



Brenna og stórtónleikar mýraboltans

Mótshaldarar Evrópumeistarámótsins í mýrabolta efndu til fjörubrennu og stórtónleika á Suðurtanga á Ísafirði þar sem Biggi Hilmars, Playmo, Sniglabandið, Mugison og Jónas Sig & Ritvélar framtíðarinnar komu fram og enduðu tónleikarnir á flugeldasýning.

„Svæðið var troðfullt af fólki og nutu allir þess að hlusta á þessa snillinga og horfa á stærstu brennu á Íslandi,“ segir Jón Páll Hreinsson mýrarfláki. Rás 2 sendi tónleikana út í beinni útsendingu svo


þeir sem voru heima fyrir gátu hlýtt á herlegheitin.

Á alla dansleiki þurfti að greiða aðgangseyri, að undanskilinni þessari tónlistarveislu. Með henni vildi Mýraboltafélagið senda út „eitt stórt takk“ til íbúa Ísafjarðar og nágrennis fyrir að taka ávallt vel á móti gestum mótsins og sýna drulluboltanum umburðalyndi. Að flugeldasýningu lokinni eða frá miðnætti fram til klukkan hálf fjögur halda Jónas Sig og ritvélar framtíðarinnar uppi stuðinu á Eimskipaplaninu.





FRÁBÆR FERÐADRYKKUR



Léttmjólk



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Þar til sigri er náð

Það sem ég hef skrifað, það hef ég skrifað, sagði Pílatos forðum. Og þar við sat, hvað sem allri skynsemi viðvák, enda hræddist hann keisarans heift.

Það sem við höfum samþykkt, höfum við samþykkt, og þar við situr, eru viðbrögð Skipulagsstofnunar við beiðni um að breytt leið á Vestfjarðavegi um Teigsskóg, fari í umhverfismat. Afstaða innanríkisráðherra, samþykktir sveitarstjórna og eindreginn vilji íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum, er í engu virt.

„Gott átt þú hrísla“ á grænum bala,“ segir í hugljúfu kvæði. Já, þær eiga góða að hríslurnar í Teigsskógi: verndarenglana í Skipulagsstofnun, að ekki sé minnst á æðsta dómstól landsins, sjálfan Hæstarétt, sem með úrskurði 2008 taldi óheimilt að vega umferðaröryggi íbúanna á Vestfjörðum á móti þeim áhrifum, sem lagning vegar um Teigsskóg kynni að hafa á hríslurnar, sem þar hafa helgað sér land. Vægt til orða tekið, er erfitt að ímynda sér að umferðaröryggi íbúa heilu byggðarlaganna skuli gert að vika fyrir væntumþykju á trjágróðri, hversu sérstakur sem hann kann að þykja í augum einhverra. Eitt er víst að hagsmunirnir, sem þarna er gætt, eru ekki almannahagsmunir.

Fagna ber að Vegagerðin ætla ekki að láta við svo búið sitja. Auðvitað ber Skipulagsstofnun að gera grein fyrir afstöðu sinni. Málið er of þýðingarmikið til að stofnunin komist upp með að hengja hatt sinn með af-því-bara-aðferðinni, án nokkurra skýringa, á fyrri afstöðu, og sniðganga þær tillögur um breytingar á vegstæðinu, sem gerðar hafa verið.

Þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum eru einu byggðarlög landsins sem ekki eru í heilsársvegasambandi, hvorki sín á milli né heldur við aðalþjóðvegakerfið. Í framhaldi þessara síðbúnu viðurkenningar Vegagerðarinnar, fögnuðu Vestfirðingar breyttri afstöðu stjórnvalda, sem fram kom í máli innanríkisráðherra á málþingi um samgöngumál á Vestfjörðum, 21. júní s.l. gagnvart lagningu vegar um Teigsskóg, sem og þeirri yfirlýsingu ráðherrans að stefnt væri að því að samgönguáætlun 2011 til 2022 yrði fylgt eftir. Ef það gengur eftir væri það stórt skref til lausnar þeim vanda, sem lýst var í tilgreindri yfirlýsingu Vegagerðarinnar um ástand vega á Vestfjörðum.

Í lengstu lög verður að trúa því að sátt náist um hagkvæmstu lausnina um vegalagningu í Gufudalssveit. Fari hins vegar svo að engu tauti verði við komið, í bakherbergjum kerfisins, verður að leita þrautaleiða, líkt og vegamálastjóri hefur haft orð á.

Fari svo að allra lagaflækja verði leitað til að tefja framgang þessa mikilvæga máls, sem segja má að mikill hluti Vestfirðinga eigi allt sitt undir, verða þeir að standa saman, einn fyrir alla og allir fyrir einn, þar til sigri er náð. Annað er ekki í spilunum.

s.h.

Spurning vikunnar

Verður þú á faraldsfæti um verslunarmannahelgina?

Alls svöruðu 370.

Já sögðu 75 eða 20%

Nei sögðu 258 eða 70%

Óvíst sögðu 37 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



14,9% íbúa í Bolungarvík erlendir ríkisborgarar

Hlutfall innflytjenda á Vestfjörðum er nokkuð hátt en samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 10% íbúa í fjórðungnum erlendir ríkisborgarar við lok annars ársfjórðungs. Á landsvísi eru erlendir ríkisborgarar 6,8%. Undir lok síðasta árs voru erlendir ríkisborgarar einnig 10% á Vestfjörðum og hafði þeim þá fjölgað um

1% frá árinu á undan. Á Tálknafirði eru fjörutíu erlendir ríkisborgarar eða 14,3% íbúafjöldans.

Í Ísafjarðarbæ eru 370 erlendir ríkisborgarar sem svarar til 9,9% af íbúafjöldanum. Í Vesturbyggð eru erlendir ríkisborgarar 110 eða 11,6% af íbúafjöldanum. Í Súðavík eru þeir 25 eða 13,2%. Hæst hlutfall erlendra ríkisborgara á

Vestfjörðum er í Bolungarvík eða 140 talsins sem svarar til 14,9% íbúafjöldans.

Engir erlendir ríkisborgarar búa í Árneshreppi og Kaldraneshreppi. Í Reykhólahreppi eru þeir hins vegar 1,6% íbúa, sem svarar til fimm manns og í Strandabyggð eru þeir 1,9% af íbúafjöldanum eða tíu talsins.



Ferðamennirnir hjá Iceland Pro Fishing vilja helst fá steinbít á stöngina. Mynd: IPV.

Vel gefist af ýsu, þorski og steinbít

„Það hefur gengið glimrandi vel það sem af er sumri. Veðrið hefur verið gott, það fiskast vel og viðskiptavinir okkar hafa verið að fá stóra og fallega fiska. Sem er nákvæmlega það sem þeir eru að leitast eftir,“ segir Steinþór Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Iceland Pro Fishing á Flateyri, um sjóstangveiðiferðir fyrirtækisins. Flestir ferðamannanna koma frá Þýskalandi en öðrum þjóðum fer þó fjölgandi. „Við erum að fá ferðamenn af sex eða sjö þjóðernum þannig að þessi hópur er verður sífellt fjölbreytt-

ari. Bæði kynin sækja til okkar, þó karlmenn séu í miklum meirihluta, en hjón og heilu fjölskyldurnar koma oft saman.

Þetta er eiginlega tvískipt hjá okkur, sumir koma hingað til okkar sem hluta af lengra ferðalagi og eru þá að skoða landið ásamt því að vera á sjóstöng í nokkra daga. Svo eru hinir sem koma eingöngu til að veiða. Þeir gera ekkert annað nema það og þegar í land er komið ræða þeir veðrið, veiðina og skoða flóðatölur og veðurspár. Það er aðalatriðið hjá þeim. Ferðamenn

skilja heilmikið eftir sig til samfélagsins hér, ekki einungis til fyrirtækisins heldur sækja þeir á veitingastaði í bænum og kaupa megnið af sínum vistum hér svo dæmi sé tekið. Auk þess notum við mikið þjónustu á á svæðinu. Iðnaðarmenn fá til dæmis dágóðan skerf þar sem bátarnir þurfa mikið viðhald og í sumar erum við með tuttugu báta í gangi,“ segir Steinþór Bjarni.

Segir hann hafa vel gefið af ýsu, þorski og steinbít í sumar og allar aðstæður í hafinu hinar bestu.

– harpa@bb.is



Ósvör við Bolungarvík.

Fornleifauppgröftur í Ósvör

„Það var gerður könnunarskurður þegar unnið var við framkvæmdir við fiskþurrkunarreit í Ósvör og þá komu fram vísbendingar sem benda til þess að þarna sé húsgrunnur, en það þarf að staðfesta það með frekari rannsókn og verður það gert í lok ágúst. Það kemur síðan í ljós hvaða upplýsingar við fáum úr þessu og við getum í raun ekkert

sagt fyrir en við skoðum þetta í heild. Það verður spennandi að sjá hvað kemur í ljós við frekari rannsóknir,“ segir Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, sem mun stýra rannsóknunum.

„Við vorum að lagfæra yfirborðið, sem er grjótlagt, til að við gætum hreinsað það og lagað til sem fiskireit. Við fundum moldarlag undir grjótinu og létum

fornleifafræðinginn, Lóu Júlíu Antonsdóttur, sem var að vinna hjá okkur við skráningu, gera könnunarlag strax. Þá kom í ljós að þetta var gólflag og fengum við þá leyfi til að rannsaka þetta. Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt uppgröftinn svo þetta er forvitnilegt. Þarna er líklega eldra hús en hvað það er vitum við ekkert um. Þetta er væntanlega

eitthvað tengt verbúð, gæti verið hjallur eða salthús. Við vitum það ekki en þetta er frekar þykkt gólflag úr húsi. Það verður spennandi ef það finnst gripir sem hægt er að aldursgreina, bein eða tré. Þetta er allt á huldu undir moldinni,“ segir Þorleifur Eiríkur, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.

– hordur@bb.is



Sætukopp- ar lofa góðu

Margir hafa haft áhyggjur af berjasprettu vegna tíðarfarsins í vor og sumar en áhyggjurnar virðast óþarfar ef marka má helstu berjasérfræðinga. Á vef berjavina segir að berjahorfur í Dýrafirði séu „rosalegar“ en svo tekur Guðmundur H. Helgason, framkvæmdastjóri Hótel Núps a.m.k. til orða í samtali við vefinn. „Ég hélt að síbúið sumar myndi hafa áhrif á berjasprettu á Vestfjörðum, en það sem ég hef séð af sætukoppum lofar góðu,“ segir Dagbjört Hjaltadóttir í Súðavík.

Stella Guðmundsdóttir í Heydal í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi segir horfurnar góðar. „Það lítur allt mjög vel út með berjasprettu í ár. Í fyrra var þurrkurinn sprettunni erfiður en það er ekki vandamál núna. Plönturnar eru að fá nægan raka,“ segir Stella.

– harpa@bb.is

FARTÖLVU- HASAR

MIKIÐ ÚRVAL FARTÖLVA Á LÆGRA VERÐI

Finndu tölvu sem hentar þér www.elko.is/fartolnur

FARTÖLVAN SEND FRÍTT
Á NÆSTA PÓSTHÚS

Allar fartölvur keyptar í vefverslun ELKO.is eða símsölu 575-8115 eru fluttar endurgjalds-laust á næsta pósthús við þig.

ELKO ENDURGREIÐIR
2 FARTÖLVUR

Ef þú kaupir fartölvu í ELKO áttu möguleika á að fá hana endurgreidda. Tveir heppnir viðskiptavinir verða dregnir út 16. september og fá fartölvuna að fullu endurgreidda. Gildir um seldar fartölvur 29. júlí til 15. september

12 MÁNAÐA VAXTALAUS
KREDITKORTALÁN Í BOÐI

3,5% lántökugjald, 340. kr seðilgjald á hverja greiðslu. Eingöngu hægt að taka á kreditkort (ekki fyrirframgreidd)

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

FARTÖLVUVEFUR

Hermann selur eignarhlut sinn

Hermann Þorsteinsson, einn af stofnendum stærsta verktakafyrirtækis Vestfjarða, Vestfirskra verktaka, hefur selt eignarhlut sinn í fyrirtækinu og tengdum félögum til meðeigenda sinna, þeirra Garðars Sigurgeirssonar og Sveins Inga Guðbjörnssonar. Þremmingarnir stofnuðu félagið fyrir 10 árum. Hermann segir enga sérstaka ástæðu fyrir því að hann selji hlut sinn í fyrirtækinu. Hann segist verða félögum sínum innan handar um óákveðinn tíma. Hermann hefur verið í byggingabransanum frá árinu 1990 en hann rak áður fyrirtækið Múrkraft ehf., á Ísafirði. „Ég er alltaf með einhver plön. Það eru mörg og skemmtileg tækifæri á þessu

svæði,“ segir Hermann sem var ófús til að gefa upp hvað hann tæki sér fyrir hendur. „Það er engin óánægja eða neitt slíkt. Þetta er 10 ára gamalt fyrirtæki og menn vilja kannski fara að huga að einhverju öðru. Þetta var sameiginleg ákvörðun. Okkur líst vel á þetta og eru spenntir fyrir framhaldinu. Þetta mun ekki hafa nein áhrif á starfsemi fyrirtækisins. Við höldum bara áfram eins og verið hefur en meiningin er að fá inn nýja hluthafa. Við vinnum í því næstu vikurnar,“ segir Garðar Sigurgeirsson. Fyrirtækið Vestfirskir verktakar ehf., var stofnað 8. október 2003. Þá runnu saman þrjú fyrirtæki, Eiríkur og Einar Valur ehf., GS



trésmíði og Múrkraftur ehf. Hjá fyrirtækinu starfa 25 manns í vinnu allt árið en fleiri yfir sumartímann.

Hermann Þorsteinsson. Verkefnastaða fyrirtækisins er mjög góð en meðal verkefna sem fyrirtækið hefur á höndum í dag er bygging

spennustöðvar fyrir Landsnet og hjúkrunarheimili á Ísafirði svo fátt eitt sé nefnt. – hordur@bb.is



Hvetjandi fjárfestir í Örne ehf.

„Við erum mjög spennt fyrir þessu. Við erum búin að fara vel yfir gögn fyrirtækisins og skoða þetta. Frumkvöðlarnir hafa mikla þekkingu á þessum markaði og framleiðsluferlinu svo okkur líst vel á þennan fjárfestingarkost. Vonandi skilar þetta svo þeirri ávöxtun sem við væntum af fjárfestingum okkar. Við erum full bjartsýni um framtíð þessa fyrirtækis,“ segir Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins Hvetjanda, en félagið hefur ákveðið að kaupa 6,94% eignarhlut í Örne ehf. í Bolungarvík.

Arna ehf., er fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á mjólkurvörum án mjólkursýkurs en markaðurinn fyrir þannig mjólkurvörur hefur verið í örur vexti undanfarin ár. Mjólkurópol er mjög mismunandi eftir heimsálfum en í Vestur Evrópu er talið að 10% fíbia þjáist af óþoli. Á sumum stöðum í Afríku og Asíu getur tíðnin náð allt að 90%. Með vaxandi heilsuvitund fólks, þar sem aukin áhersla er á fæðu sem stuðlar að auknu heilbrigði og vellíðan, er ljóst að framleiðsluvörur Örne hafa fulla burði til að falla í kramið hjá neytendum en

fyrirtækið mun framleiða margvíslegar vörur unnar úr hágæða mjólk eins og skyr, jógúrt, rjóma og osta.

Fyrirtækið er lítið og sveigjanlegt og hefur það að markmiði að bregðast við þörfum syllumarkaða með sem skjótustum hætti. Framleiðslan mun fara í sölu og dreifingu í haust. Frumkvöðlar verkefnisins eru Hálfán Óskarrson mjólkurtækniþræðingur og Þórarinn Egill Sveinsson mjólkurverkfræðingur. Með fjárfestingunni er Hvetjandi að leggja sitt af mörkum til að nýir og vonandi arðbærir sprotar geti

komið vöru sinni í framleiðslu og inn á vaxandi markað. Slíkt hjálpar til við að skapa sterkara og fjölbreyttara atvinnulíf á Vestfjörðum.

Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag var stofnað í janúar 2004. Félagið var stofnað í framhaldi af samþykkt þingsályktunar á Alþingi um byggðamál árið 1999 þar sem Bygðastofnun var heimilað að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga með 40% framlagi á móti 60% framlagi heimamanna í formi hlutafjár. Var fjármagninu ætlað að styrkja atvinnuþróunarmál í kjördæmum landsins.

Félagið er í eigu Bygðastofnunar og sveitarfélaga og fyrirtækja á Vestfjörðum. Stærstu eigendurnir eru Bygðastofnun sem á helming hlutafjár, Ísafjarðarbær sem á 27% hlutafjár og Sparisjóður Bolungarvíkur sem á 13% hlutafjár félagsins. Hvetjandi á jafnframt í viðræðum við Bolungarvíkurkaupstað um bærinn komi inn í Hvetjanda sem hluthafi og í kjölfarið er áætlað er að fara í frekari kaup á hlutafé í Örne sem mun styrkja verkefnið enn frekar og efla félagið á komandi misserum.

– hordur@bb.is

Geitungar sjaldséðir, fíflalús í sókn

„Það er bara hrún í geitunga-stofninum, ekkert flóknara en það. Ég held að ég hafi ekki séð einn einasta geitung í sumar. Það er eflaust vegna tíðarfarsins í vor og það sem af er sumri og svona er þetta um land allt,“ segir dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík. Valur Richter meindýraeyðir á Ísafirði, segist heldur ekki hafa séð mikið af geitungum í sumar. Hann segist hafa eytt 1-2 búum á dag sem teljist lítið.

Þorleifur segist heldur ekki hafa orðið mikið var um köngulóm. „Svona er þetta allt tengt tíðarfarinu og sveiflast til og frá á milli ára. Ég man þegar ég flutti hingað vestur þá þurfti ég að kenna fólki að lifa með geit-

ungunum, drekka bjórinn úr glasi, annars sérðu ekki geitunginn sem leynist í dósinni og hann stingur þig í hálsinn. Og þegar köngulóin, sem er orðin svo algeng núna og sést oftast á sólarveggjum og er stór og feit, kom í kringum 2000 minnir mig þá vildu menn bara eitra veröldina en eru vanir henni núna greyinu. Plágan sem er að koma upp núna er fíflalús sem hingað til hefur haldið sig á höfuðborgarsvæðinu, Grindavík, Akranesi og Höfn í Hornafirði. Hún er nú komin á suðurfirðina. Þetta er stór blaðlús sem á það til að fara inn í hýbýli fólks og þá í miklu magni. Þegar reynt er að þrifa hana í burt þá springur hún og skilur hún eftir sig rauða blett,“ segir Þorleifur.

– harpa@bb.is



Fíflalús (*Uroleucon taraxaci*). Mynd: Náttúrufræðistofnun Íslands/Erling Ólafsson.



Spánarsnigillinn sem fannst í Hnífsdal.

Verslunin Smiðjan opnar á Ísafirði

„Þetta verður strákabúð (Hardware store), sem selur verkfæri, varahluti, vinnufatnað og fleira. Við leggjum upp með að þetta sé verslun fyrir bílinn, bátinn, fagmanninn og reyndar fyrir alla. Við verðum með flest öll merki í fatnaði s.s. 66° norður, Dike og Dickies og í verkfærum eru við með Kraftwerk, DeWalt, Makita og Bosch. Síðan seljum við olívörur og króka og gogga og veiðistangir og dælu fyrir báta. Þetta er allt að verða klárt. Við verðum sjálfir að vinna í búðinni að ein-

hverju leiti, ég er titlaður sölu-stjóri, og svo verðum við að bæta við fólki,“ segir Rúnar Örn Rafnsson sem opnar verslunina Smiðjuna í samstarfi við Steinþór Bragason.

Verslunin verður við Sindragötu á Ísafirði þar sem Míla var áður til húsa. Unnið er að uppsetningu verslunarinnar og stefnt er að opnun á morgun. Kappkostað verður að halda vöruverði í lágmarki og stefnan að geta boðið sömu verð á Ísafirði og í boði eru í Reykjavík.

Engin sérstök garðaplága þetta árið

Ekki hefur orðið vart við neinn faraldur af skaðvöldum á trjám og runnum eða öðrum plöntum á Ísafirði þetta árið, segir Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, heldur er ástandið eins og venjulegt má teljast. Rétt eins og á hverju ári er komin sitkalús á sum grenitré og maður á blátopp-

inn, en þetta er enginn faraldur, segir hann. „Nei, ástandið er alls ekki slæmt. Fyrir tveimur eða þremur árum var talsvert um sitkalús á grenitrjám hér en þau eru yfirleitt búin að jafna sig enda hefur verið údað gegn henni,“ segir Ralf.

Í fréttum hefur verið greint frá lirlum sem leggjast á rífsberja-

runna syðra og eyðileggja þá en Ralf segir að ekki hafi borið á slíku á Ísafirði. Aðspurður um Spánarsnigillinn illræmda sem hefur numið land á Íslandi segir Ralf að hann hafi fundist í Hnífsdal fyrir nokkrum árum. „En ég hef ekki séð hann hér á Ísafirði og hef ekki heyrt neitt meira um hann hér fyrir vestan.“

STARFSMENN ÓSKAST

Innheimtustofnun sveitarfélaga óskar eftir tveimur starfsmönnum á starfsstöð sína á Vestfjörðum.

Um er að ræða fullt starf í báðum tilfellum. Leitað er að dugmiklum og samviskusömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, eru sveigjanlegir og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Starf innheimtufulltrúa í afgreiðslu:

- Símsvörun og afgreiðsla erinda frá viðskiptavinum
- Skráning ýmissa upplýsinga og listavinnsla
- Eftirfylgni með innheimtumálum og samningum
- Önnur tilfallandi verkefni
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Hæfniskröfur:

- Góð almenn íslensku- og tölvukunnátta
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund

Starf innheimtufulltrúa í kröfudeild:

- Umsjón og útsending krafna í laun
- Samskipti við launagreiðendur
- Önnur tilfallandi verkefni
- Svörun almennra fyrirsparna
- Þátttaka í öðrum almennum skrifstofustörfum
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. október nk.



Innheimtustofnun
sveitarfélaga

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur það hlutverk skv. lögum að innheimta meðlög. Stofnunin fékk nýverið verðlaun sem „Hástökkvari ársins“ í könnun framkvæmd af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Í könnuninni var leitað eftir viðhorfum starfsmanna til vinnu sinnar, líðan í starfi og starfsumhverfi.

Upplýsingar um starfið veitir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður, í síma 590-7100 eða á netfanginu bragi@medlag.is. Starfsstöðin verður staðsett við Hafnarstræti 1 á Ísafirði frá 1. október 2013.

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk. Ferilskrár ásamt kynningu á umsækjanda skulu berast á tölvupósti á netfangið bragi@medlag.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Eru smáhýsi hluti af framtíðarsýn fyrir Tungudal?

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt beiðni Magdalenu Sigurðardóttur á Ísafirði þess efnis að frestur til að skila inn athugasemdom vegna deiliskipulags á opnu svæði í Tungudal verði framlengdur til 20. september. Gísli Halldór Halldórsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir Magdalenu hafa fært fyrir því rök að þetta væri tími sem fólk ætti erfitt með að kynna sér þessi mál. „Þegar fólk er í fríu fer kannski framhjá því þegar auglýstar eru svona deiliskipulagstíllögur. Þar sem ekkert liggur á að samþykkja þessar tillögur, þar sem rekstur er ekkert að fara að hefjast á næstunni, fannst okkur sjálfsagt að samþykkja tillöguna,“ segir Gísli Halldór.

Um er að ræða heilmikla hagsmunu fyrir bæjarbúa, að sögn Gísla Halldórs, en Tungudalur er sameignlegt útivistarsvæði allra íbúa svæðisins og mikilvægt að fólk fái að segja sína skoðun á því hvernig svæðið verður nýtt í framtíðinni, að hans mati, og um að gera að leyfa sem flestum að koma sínum skoðunum á framfæri. Verið er að skipa starfshóp um nýtingu Tungudals og Seljalandsdal. Hópurinn hefst handa við að ræða þessi mál þegar hann hefur verið kallaður saman. „Þetta er allt undir því komið hvernig bæjarbúar sjá fyrir sér



Smáhýsin sem Guðmundur Tryggvi vill byggja munu líta nokkurn veginn svona út.

að nýta báða dalina í framtíðinni. Þá er lítið til allra þessara hluta, bæði smáhýsanna og Mýraboltans,“ segir Gísli Halldór. Aðspurður segir hann auglýsingu deiliskipulags ekki frestast vegna þess að ekki liggur fyrir stefna varðandi nýtingu Tungudals.

„Guðmundur Tryggvi Ásbergsson, sem hyggst reisa smáhýsin, hefur gefið þeirri hugmynd undir fótinn að gerðir verði tímabundnir samningar til 10-20 ára fram í tímann. Þá gætu menn séð hvernig þetta reyndist og tekið ákvörðun í framhaldi af því. Það er sjálf-sagt að prófa smáhýsin ef enginn hefur haldþætt rök á móti þeim

og sjá hvernig þau reynast ef ekkert annað er í farvatninu. En það er jafnframt skynsamlegt að hugsa lengra til framtíðar. Ég sé ekkert í fljótu bragði sem kemur í veg fyrir að húsin geti samrýmt núverandi starfsemi svæðisins, tjaldsvæðinu og öðru,“ segir Gísli Halldór.

Hann segir þó að smáhýsin hafi verið hvatning til að fara að huga framtíðina svo bæjarfélagið hafi mótaða stefnu og hugmyndir um hvert það vill fara í málinu. „Það gafst ágætlega í Pollgötunefndinni. Þá fór fram skemmtileg vinna þar sem fólk fékk að spá í spilin og gera fram-

tíðarsýn sem hægt er að stefna að þótt fjármagn til verksins komi ekki fyrir en seinna. Þetta er kannski aðferðafræði sem við höfum hug á að skoða hvort mætti beyta í fleiri málum sveitarfélagsins í framtíðinni, alls konar málum, bæði í hverju þorpi fyrir sig og einstaka málaflokkum. Slík vinna á Suðureyri hefur skilað sé vel og gaman er að sjá hversu mikill kraftur hefur verið í íbúum þar. Þetta snýst um að kalla fram vilja íbúanna svo þeir viti hvert eigi að stefna,“ segir Gísli Halldór.

Varðandi þá fullyrðingu að ekki liggi á deiliskipulaginu segir Gísli Halldór að enn eigi eftir að

samþykkja það í bæjarstjórn sem þarf að koma saman og fjalla um málið. Þá á eftir að gera samning um húsin og senda inn byggingarleyfi sem þarf til þannig að enn er ýmislegt eftir og hefði aldrei verið hægt að hefja vinnu strax 8. ágúst. „Ég veit ekki hversu mikla jarðvinnu menn ætla í fyrir áramót en ef veturinn verður eins og hefur verið þessa öld er ennþá nægur tími. Þetta er í deiliskipulagsfasa núna,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, en byrjað var að sækja um leyfi fyrir smáhýsunum árið 2010 og er málið enn í kerfinu, þremur árum síðar.

– hordur@bb.is

Skemmtanahelgi að baki

Verslunarmannahelgin er að baki. Mörgum finnst verða skil og við taki aðfarartími hausts og í framhaldi veturinn. Einhvern veginn er það svo að þeir sem helst ættu að eiga lausan tíma frá störfum, verslunarmenn, vinna helgina sleitulaust. Aðrir skemmta sér við ýmislegt. Hæst ber Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Aðstendendur hennar eru kátir. Mun færri kynferðisbrot eru uppi á borðinu en venjulega. En er það eitthvað til að kætast yfir? Eitt slíkt brot er allt of mikið. Það er einu of mikið. Vissulega ber að fagna að betur hafi gengið en venjulega. Markið hlýtur að vera að næsta Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum verði laus við órána kynferðisbrota. Það vekur hugsun um ástand þeirra karlmanna sem nauðga. Ljóst má vera að þeir skynja ekki rangindin og þá viðbjóðslegu hegðun sem slík athöfn er. Við eigum langt í land hvað uppeldi allra varðar í þessum efnum. Hinu má ekki gleyma og ber að virða, að yfirgnæfandi meirihluti karlmanna hagar sér með betri og virðingarverðari hætti.

Mýraboltinn á Ísafirði er vaxandi aðdráttarafl og skemmtun og Ísfríðingur til sóma, einkum þeim er standa að skipulagningu. Skemmtunin er sóðaleg með góðum formverkjum. Hægt er að þrifa sóðaskapinn og hann skaðar vonandi engan, en gleður marga. Flest virðist hafa gengið vel þótt íbúafjöldi hafi tvöfaldast. Sérkennilegt

mál kom upp. Leitað var ungrar stúlku, en fót hennar fundust í fjöruborði. Síðar, reyndar eftir mikla leit, kom í ljós að hún var í öðru tjaldi en sínu eigin um nóttina. Það var út af fyrir sig góður endir. En, og það með áherslu, fólk ber að taka tillit til annarra. Lágmark hefði verið að viðkomandi hefði látið vita af sér. Of margir vörðu tíma og kröftum til leitar að öppörfu. Ekkert er að því þótt „ástin“ til dæmis grípi fólk á skemmtunum og það láti undan kalli hennar. Verra er að slíkt athæfi valdi vanda og óþarfa áhyggjum margra, aðstandenda og annarra. Því miður er þetta ekki nýtt fyrirbæri.

Tillitsemi, sú hegðun að líta til þess hvernig hegðun manns kann að koma við aðra, er nauðsyn. Á það verður ekki of mikil hersla lögð. Við lifum öll í samfélagi með öðrum. Við eigum að muna að það leggur á okkur skyldur. Tvö alvarleg slys bregða dökkum skugga á líðna helgi. Tvær ungar pólskar stúlkur misstu lífið í umferðarslysi, köstuðust út úr bifreið sem valt. Við eigum alltaf að muna eftir öryggisbeltunum. Hitt slysið varð er sjúkraflugvél Mýflugs brotlenti á akstursbraut á Akureyri. Það vakti sérstaka athygli að félagið bað fólk að birta ekki frásagnir eða annað á samfélagsmiðlum heldur láta slíkt í té rannsakendum. Það er líka tillitsemi að muna að rannsaka þarf slys og aðstandendur þurfa næði. Þeirra er samúðin.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakja umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Lætur ekki kaupa sig út fyrir varnargarð

Ísafjarðarbær vill kaupa upp húseignirnar við Seljalandsveg 100-102 á Ísafirði, sem sögð eru í hættu vegna ofanflóða úr Eyrarhlíð. Framkvæmdir við ofanflóðavarnargarð í hlíðinni hefjast innan tíðar en ákveðið hefur verið að láta garðinn ekki ná inn fyrir framangreindar fasteignir þar sem hagkvæmara þótti að kaupa þær en að verja þær með varnargarði. Um er að ræða tvö hús. Málið hefur verið í bið um nokkurn tíma þar sem ekki hefur tekist að semja um kaup á húseigninni að Seljalandsvegi 100.

Ásthildur Cesil Þórðardóttir, íbúi við Seljalandsveg 100, neitar að flytja úr húsinu. „Ég neita að selja. Ég ætla hvorki að láta þá taka af mér eignina né selja hana. Ég ætla að fara með þetta alla leið. Stjórnarskráin segir að eign sé heilög og að sýna þurfi fram á að það þjóni almannahagsmunum að taka hluti eignarnámi. Ég

get ekki séð að svo sé í þessu tilfelli. Samkvæmt jafnræðisreglunni tel ég að þeir geti ekki verið að spara sér pening með að kaupa tvö hús en sleppa hinum, þá eru þeir að mismuna þegnum. Þeir yrðu þá að kaupa upp öll húsinn eða fara með garðinn alla leið,“ segir Ásthildur.

Hún segir bæinn vera að spara sér fé með því að stytta varnargarðinn. „Fyrst þegar bæjarstjórninn talaði við mig sagði hann að ég hefði um tvennt að velja, að trén yrðu eyðilögð eða ég færi út úr húsinu. Svo er þetta hvort tveggja. Það er búið að eyðileggja fyrir mér tré sem ég hef verið með í ræktun í 30 ár, það á að skemma meira og byggja búkolluveg þar sem stærstu trén eru. Ég er ekki sátt. Þeir eru ekki ennþá búnir að segja mér frá þessum búkolluvegi, ég frétti það bara annars staðar. Ég talaði við einhvern eftirlistmann frá Ofan-



Seljalandsvegur 100, hús Ásthildar.

flóðasjóði um hvort hægt væri að færa veginn ofar í fjallið þar sem yrði minna rask. Hann sagði ætla að skoða það og fá fund með þessu fólki en það hefur ekkert orðið.“

Stærstu trén fara undir búkolluvegin, að sögn Ásthildar, sem tekur fram að bæjaryfirvöld voru svo almennileg að láta færa einhver tré áður en vatnsleiðslurnar í hlíðinni voru færðar vegna framkvæmdanna. Henni finnst þetta

þó ómöguleg vinnubrögð, að ekki skuli vera talað við hana svo hún geti komið sínum skoðunum að. „Þetta er líf mitt sem ég hef verið að byggja upp, þetta ekki bara eitthvert hús heldur partur af lífi mínu.“

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri á Ísafirði, vonast til að hægt verði að leysa málið farsællega. „Ein af ástæðunum fyrir því að ekki var ákveðið að verja húsinn með varnargarði var til að hlífa skóg-

ræktinni á staðnum sem íbúar hafa komið upp af miklum myndarbrag. Við töldum okkur vera að gera vilja íbúanna með þessu en garðurinn hefði þurft að ná ennþá lengra inn eftir til að verja þessi hús og hefði þá þurft að eyðileggja mikla skógrækt. Það þótti bæði ódýrara og heppilegra að kaupa húsinn upp en ekki hefur náðst samkomulag um verð. Við vonumst eftir farsælli lausn á málinu,“ segir Daníel.



Hnúfubakur í Ísafjarðardjúpi.

Nauðsynlegt að veiða hnúfubak í vísindaskyni?

„Mér finnst bara skilyrði að þetta verði gert því það virðist enginn vilja vita hvað hann er að éta. Hnúfubakurinn er inni á öllum fjörðum og flóum, þar sem menn eru að veiða bæði þorsk og ýsu, og við þurfum nauðsynlega að komast að því hvað hann étur,“ segir Konráð Eggertsson, skipstjóri og hrefnuveiðimaður á Ísafirði, en Gunnar Bermann, framkvæmdastjóri hrefnuveiðimanna, hefur hvatt til veiða á hnúfubaki og segir félagið hafa áhuga á slíkum veiðum. Sverrir Daníel Halldórsson, hvalasérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir í samtali við Vísu að skynsamlegt sé að leyfa veiðar á hnúfubak í vísindaskyni sem gætu farið fram samfara talningu og rannsóknunum á stofninum. Það er þó pólitísk ákvörðun, að hans sögn, sem er dýr og tekur nokkur ár í framkvæmd.

Hrefnuveiðimenn hafa orðið varir við mikinn fjölda hnúfubaka á veiðisvæðum sínum en eitthvað minna virðist vera um hrefnu. „Við höfum mikið spekulerað í

því undanfarin tíu til tólf ár hvers vegna hrefnan er að færa sig til og við teljum að hnúfubakurinn eigi sinn þátt í því,“ segir Konráð en að hans mati eru það ekki síður hvalaskoðunarbatarnir sem þar spila inn í.

Hnúfubakur var sárasjaldgæfur við Ísland langt fram eftir síðustu öld eftir ofveiði kringum aldamótin 1900 og fyrr. Tegundin hefur verið alfriðuð síðan árið 1955. Hnúfubak tók að fjölga hratt á áttunda áratug 20. aldar og frá því að talningar hófust árið 1987 hefur fjölgunin numið um 15% á ári. Núverandi stofnstærð hnúfubaks um mitt Norður-Atlantshaf er um 17 þúsund dýr. Sú tala er ekki marktækt frábrugðin talningum 2001 og gæti það bent til að dregið hefði úr fjölgun og hámarksstofnstærð náð. Þetta kom fram í svari atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinsonar um hvalastofna við Ísland og byggist á greinargerð sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar.

– hordur@bb.is

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

**15 % Afsláttur af
TOPTUL VERKFÆRUM**

IBTGCAI2802
TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plastaska

9.900 m/vsk

Fullt verð 14.900

IBTGCAI2802
TOPP, OG FASTLYKLASETT 42 STK.

1/4" og 1/2" 5 - 24mm
Lyklar: 8 - 22mm
Sterk plastaska

14.900 m/vsk

Fullt verð 21.568

IBTGCAI094R

TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.

Sterk plastaska

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231

TILBOÐ



VÉLSMÍÐJAN
PRISTUR

Sími: 456-4750 Sindragata 8 Opnunartímar: Virka daga: 7:30 - 12 og 13 - 18 og Laugardaga: 10 - 12

Líkkistusmiður lífir lífinu lifandi

Arnór Magnússon er fæddur í Keflavík en uppalinn á Ísafirði hjá afa sínum og ömmu í föðurað. Faðir hans er Magnús Arnórsson á Ísafirði, móðir hans Anna Guðröðardóttir úr Kálfavík í Skötufríði. Hann er kvæntur Dagnýju Jónsdóttur sem er uppalin á Ingjaldssandi í Öfundarfirði. Þau eiga þrjár uppkomnar dætur og fimm barnabörn.

Arnór nam trésmíði í lán-skólanum á Ísafirði, lærdi í skipasmíðastöðinni. Hann vann við trésmíðar og byggði sitt fyrsta hús árið 1975 í Holtahverfi á Ísafirði. Það gerði hann á kvöldin og um helgar eins og tíðkaðist þá þegar menn voru að koma sér upp þaki yfir höfuðið, en hann hefur búið að mestu leyti á Ísafirði allar götur síðan.

„Ég hóf smíði á líkkistum árið 1996, sem ég stunda ennþá í hjáverkum. Mér fannst það áhugavert og fór til Reykjavíkur og kynnti mér greinina ásamt því að ég kynntist líkkistusmiði hjá Kristni Leví sem var hér líkkistusmiður um margra ára bil. Kisturnar eru hvítlakkaðar úr furu en einnig útvega ég kistur úr eik og birki og reyni að útvega kistur eftir óskum viðskiptavinarins,“ segir Arnór, eigin-konan sér um saumaskapinn. Það er alltaf svipað að gera hjá honum í líkkistusmiðinni frá ári til árs og litlar breytingar á þeim markaði að hans sögn.

Arnór hefur alltaf haft metnað fyrir því sem hann er að gera, það á ekki síst við smíðarnar. Hann segist alltaf hafa haft gaman af að taka þátt í að byggja upp hús. „Mér finnst skemmtilegast að byggja og gera upp hús. Hvort um sig hefur sinn sjarma, ég hafði t.d. gaman af því að gera upp Félagsbakarið árið 1993 og taka þátt í að gera upp hús Hvítasunnukirkjunnar Salem 1987. Það er skapandi að byggja, það snýst ekki um að reisa sér minnismerki heldur búa eitthvað til.“

Isavia

Arnór vann hjá Flugfélagi Íslands í þrjú ár í kringum 1980 og fór síðan til Flugmála-

stjórnar árið 1984 og starfaði í flugturninum á Ísafirði í yfir 20 ár ásamt því að smíða á frívöktum. Hann tók við sem umdæmisstjóri Isavia á Vestfjörðum árið 2010, sem sér um rekstur flugvallanna í umdæminu. „Þar starfa ég með frábæru fólki í umdæminu. Mitt hlutverk þar er að hafa umsjón með daglegum rekstri, að vellirnir séu mannaðir, sjá til að allt gangi upp, þ.e. að vellir séu mokaðir og sandbornir og þeim sé haldið við. Fjórir áætlunarvellir eru í umdæminu, á Ísafirði, Þingeyri, Bíldudal og Gjögri. Flugvöllur hefur fækkað mikið undanfarið ár, sérstaklega svokölluðum lendingarstöðum sem skiptu hér tugum fyrir nokkrum áratugum síðan,“ segir Arnór.

Flugið hefur því miður verið á undanhaldi á undanförunum misserum, að sögn Arnórs, og hefur verið um 5% fækkun á farþegum um Ísafjarðarflugvöll milli ára. Fjöldinn hefur að sama skapi verið að aukast á Bíldudal, en þar er um 20% aukning á milli ára og mikill uppgangur á svæðinu. Vellirnir hafa líka batnað undanfarið ár, komið bundið slitlag á þá flesta. Það átti að leggja bundið slitlag á Gjögri í sumar en það var ekki nóg fjármagn til staðar, tilboðin sem bárust voru langt fyrir ofan kostnaðarácætlun og því var ákveðið að skipta verkinu í tvennt, bjóða út efnisvinnslu í sumar og klæðningu næsta sumar. „Flugið á Gjögri er eina lífæðin í Árneshreppi, einu samgöngurnar á veturna, og því mikilvægt að byggja þar upp góða aðstöðu til flugsins. Ekki eru farþegatölur háar milli Gjögurs og Reykjavíkur en allar vistir, vörur og póstur koma með flugi,“ segir Arnór.

Skíðalífróttinn

„Lífið var mér skíði frá 12 til 20 ára aldurs. Þá var æft sumar sem vetur, hlaupið í fjöllum á sumrin, keppt og æft á veturna. Því hef ég haldið áfram, þ.e. að hreyfa mig. Þótt ég hlaupi ekki mikið

í dag stunda ég fjallgöngur og hjólríðar. Það var samt eftirminnileg ferð sem við fórum, unglingalandsliðið svokallaða, sem fór til Svíþjóðar árið 1972 að mig minnir, fjórir frá Ísafirði og þrír frá Akureyri. Við æfðum í Áre í Svíþjóð þar sem einnig voru sænskir unglingar að æfa í sömu brekkum, þar á meðal Ingemar Stenmark, sem var um árabil talinn allra besti skíðamaður heims. Það sem vakti athygli manns við hann er að hann var mjög hógvæð, lét lítið fyrir sér fara, en var bestur í brekkunum. Hann var líka yfirburðamaður þarna á skíðum. Við kynntumst Svíunum ekki mikið, rétt heilsuðumst, og í framhaldi af því fórum þrír Ísfríðingar til Austurríkis þar sem við æfðum í þrjár vikur og lifðum nánast eingöngu á brauði og mjólk þann tíma sökum fjárskorts,“ segir Arnór.

Það sem kom Svíunum á óvart, að sögn Arnórs, var að Íslendingarnir skyldu gera þetta eingöngu upp á eigin spýtur, greiða allan kostnað sjálfir, ferðir, skíði og búnað, en sjálfir fengu þeir allt greitt og voru með kennara með sér í fjalli. „Þeir spurðu hvort við gætum ekki fundið okkur íþrótt sem hægt væri að stunda á Íslandi og áttu mjög erfitt með að skilja þetta, sem von er. Þar í landi náðum við engum sérstökum frama.“

Arnór átti þó því láni að fagna að vera í sigursveit Ísafjarðar í flokkasvigi um þriggja ára bil í kringum 1974. Þá voru fjórir í hverri sveit frá hverjum stað. „Einu mótin sem ég tek þátt í núna eru Garpamótin sem haldin eru árlega um páska. Það eru mót fyrir 30 ára og eldri, aldurskipt samhliðasvíg. En þetta er ekki alvöru keppni, meira til gamans,“ segir Arnór, sem hefur ekkert slakað á keppnisskapinu fyrir það.

Keppnismaður

„Í eðli mínu er ég keppnismaður. Það kemur fram með ýmsu móti, ég fer varla upp á fjall án þess að taka tímann

á sjálfum mér til að sjá hvernig ég stend miðað við síðustu ferð eða síðustu ár. Sem er í sjálfu sér algjör bilun. Ég er með þetta allt skráð í hausnum,“ segir Arnór, sem er um 35-40 mínútur að stökkva upp á Kirkjubólshjall, en það fer eftir dagsforminu hverju sinni.

Dæmi um hið mikla keppnisskap Arnórs er þegar hann tók þátt í víðavangshlaupi á Ísafirði árið 1985, sem er honum minnisstætt. Hann leiddi það hlaup alla leiðina og var með Breta á hælunum mestallan tímann, um metra fyrir aftan. Arnór hljóp síðasta kílómetrann eins og í leiðslu og lá svo hálfraenulaus í markinu í 10 mínútur á eftir. Hann gaf sig ekki þótt hann hafi verið hálfmeðvitundarlaus síðasta spólinn og náði að klára hlaupið fyrstur. Breytt sem æfði langhlaup hefði hins vegar getað hlaupið nokkra hringi til viðbótar á sama hraða án þess að finna fyrir því.

Útivist

„Svæðið í kringum Ísafjörð er frábært til útivistar, fjöllin í kringum okkur eru óborganleg. Þar eru margar góðar gönguleiðir. Að öllu jöfnu fer ég á fjöll einu sinni til tvisvar í viku á sumrin, mislangt, á veturna reyni ég að stunda skíði eins mikið og ég get. Kem barnabörnunum af stað í þeirri íþrótt og fer með þau í Tungudalinn. Það eru gönguleiðir hér fyrir alla, hægt er að velja erfiðleikastig sem henta hverjum og einum. Ég fer nokkuð oft upp úr Naustahvílft á Kirkjubólshjall, síðan er gaman að ganga á Eyrarfjallið upp fjallsröndina Hnífsdalsmegin frá, svo upp á Gleidrahjalla. Þar fer ég nokkuð reglulega. Í sumar hef ég farið Fossavatnsgönguna í báðar áttir, það er mjög skemmtileg gönguleið og hentar öllum.“

Tilgangurinn með þessari hreyfingu er að halda sér við og njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða hverju sinni, að sögn Arnórs, og við-

miðið er hann sjálfur og hvar hann stendur miðað við síðustu ár. Hann segist gera sér grein fyrir að aldurinn færast yfir, þannig að stefnan er ekki að bæta tímann heldur athuga stöðuna. „Það er geysimikilvægt, ég fæ mikið út úr þessu, bæði líkamlega og andlega. Þetta er afslöppun og útrás og ekkert dásamlega en að vera úti í náttúrunni og njóta hennar. Ég fer ekki neinar ófærur, bara þessar hefðbundnu leiðir. Ég er ekki í klettaklifri, það er önnur íþrótt.“

Ein eftirminnilegasta ganga Arnórs í seinni tíð var þegar hann gekk á Hvannadalshnjúk. „Þar gengum við upp úr skjújum í 1000 metrum og þar fyrir ofan var logn og þaðandi sól og útsýnið alveg frábært. Eins var mjög eftirminnilegt að ganga í Oberstdorf í Þýskalandi, það er skíðastaður í Ölpunum við landamæri Austurríkis. Þar áttaði maður sig á því að skíðastaðir eru ekki eingöngu fyrir skíði heldur var allt í fullum gangi yfir sumarið, bæði lyftur og veitingastaðir, og fólk um allt að ganga. Meira að segja eru Mallorca og Tenerife ekki bara sólarstaðir, þar höfum við hjónin gengið í góðra vina hópi, frábærir útivistarstaðir.“

Göngur fyrir alla

„Ég hvet alla sem ekki hafa kynnst því að ganga um í náttúrunni, að byrja og fara hægt að stað. Það er aldrei of seint að byrja. Þeir sem þurfa hvatningu frá öðrum geta haft samband við Ferðafélag Ísafjarðar og farið í ferðir með þeim en mér finnst einnig mjög gott að fara einn. Ég hef þó farið í margar hópferðir bæði hérlandis og erlendis. Eftir að varnargarðurinn var gerður hefur útivist aukist mikið á þeim slóðum, það er verið að ganga upp varnargarðinn að gamla skíðaskólanum og síðan á Seljalandsdal. Af skíðaveginum er göngustígur yfir varnargarðinn og inn í Tungudal, hægt er að ganga upp með Buná,



sem er mjög falleg leið, upp á gönguskiðasvæði og eftir slóða að skíðalyftunum í Tungudal. Svo eru gönguleiðir fyrir ofan Urðarveg inn

eftir hlíðinni að skíðavegi.

Eins er skemmtileg leið að ganga úr Engidal upp að Fossavatni. Úr Engidal er einnig gott að ganga á

Kubbann og njóta útsýnis þaðan út fjörðinn. Það er mikil fjölbreytni í gönguleiðum á svæðinu og hver og einn getur valið sér göngu-

leið við hæfi. Útsýnið bæði af Eyrarfjalli og Erninum í góðu veðri er alveg frábært. Þar er æðislegt útsýni út allt Djúp. Þar erum við þó að

tala um erfiðari gönguleiðir, a.m.k. ekki fyrir alveg óvana," segir Arnór.

– hordur@bb.is



smáar

Óska eftir karlkyns páfagauki gefins. Uppl. í s. 847 9197.

Týndi Ray-Ban sólgleraugum 26. júlí á Ísafirði. Finnandi getur haft samband við Rebekku Sóley í síma 841 8999.

Til sölu er Toyota RAV 4 jepplingur, árg. 2005, ekinn 125 þús. km., sjálfskiptur. Gullfallegt eintak sem er hlaðið aukahlutum s.s. dráttarkrök, krómaðri kastgrind og auka kösturum. Ný heilsársdekk og fleira. Topp-eintak með 100% smurbók. Verð 1,6 millj. kr. / áhvílandi 500 þús. Uppl. í síma 892 1688.



Ísfirðingar góðir heim að sækja

Metþátttaka var í Evrópumeistaramótinu í mýrabolta sem haldið var í tíunda sinn um liðna helgi. Hundrað og fjögur lið skráðu sig til þátttöku og um þrettán hundruð keppendur mættu til leiks. Að sögn Jóhanns Bærings Gunnarssonar, aðalritara Mýraboltafélags Íslands, gekk mótið vel og allir viðburðir tengdir mótinu. „Mótið var frábært í alla staði. Það var greinilegt að hér kom fólk einungis til að hafa gaman og skemmta sér og öðrum, eins og öll hin árin. Við erum einstaklega ánægðir með hvernig metnaður hefur þróast hjá liðum varðandi búninga, innkomur og liðabása. Það þarf örugglega að setja inn fleiri verðlaunaliði fyrir mótið á næsta ári, svo flott er þetta orðið hjá þeim.

Mótshaldið gekk eins og í sögu þó að í einhverjum leikjum hafi komið upp að annað liðið mætti ekki en það er bara hluti af þessu

öllu saman. Það var sérstaklega gaman að sjá að FC Kareoki skyldi vinna í karladeild á tíu ára afmæli mótsins en þeir eru eina liðið sem hefur tekið þátt frá upphafi en aldrei náð að landa titlinum, fyrr en nú. Leikur þeirra endaði í vítaspyrnukeppni þar sem þeir höfðu betur. Fögnumður þeirra var líka gríðarlegur en það vakti athygli okkar og ánægju að mót-herjar þeirra í úrslitunum, Horny Gorillas, fögnuðu jafn mikið þótt þeir hefðu tapað.

Frænkur á Pungnum unnu í kvennadeild og það sem er sérstaklega magnað við þann sigur er að þær eru einungis sjö í liðinu og höfðu því bara einn varamann allt mótið. Flest lið eru með frá fimm til tíu varamenn. Drullugott afrek þarna sem verður erfitt að leika eftir. Í samtali við vísu.is í liðinni viku sagði knattspyrnukonan Greta Mjöll Samúelsdóttir, sem er

frænka tónlistarmannsins Erps Eyvindarsonar, að í einu laga hans lætur hann orðin „frænkur á pungnum“ falla. Sagði hún frænkur hans hafa tekið þetta til sín og græjað búninga fyrir mýraboltamótið, með yfirskriftinni „Frænkur á pungnum“. Tók hún fram að þær væru ekki þessar frænkur sem hann talar um í laginu heldur frænkur í bókstaflegri merkingu.

Aðstaða fyrir þáttakendur Mýraboltans var mun betri í mótinu í ár en áður þar sem búið var að koma fyrir sturtuadstöðu í hinu svokallaða Þvottastæði Ariel. Þá ferjuðu rútur fólk frá miðbæ niður á mótssvæði á korters fresti og sú þjónusta var mjög vel nýtt enda um þrjú þúsund manns á svæðinu,“ segir Jóhann.

Dansleikir tengdir mýraboltamótinu tókust vel að sögn Jóns sem segir mikið stuð hafa verið

fram á nótt og bærinn troðfullan af fólki. „Langmesta stemningin var á lokahófinu í verðlaunaafhendingunni þar sem Retro Stefson tróðu upp trylltu lýðinn. Mikill fjöldi fólks var á svæðinu en allir höguðu sér vel og skemmtu sér og öðrum áhyggjulaus. Við viljum að sjálfsögðu þakka öllum keppendum og gestum Mýraboltans fyrir frábæra helgi. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í að undirbúa og starfa við mótshald,“ segir Jóhann.

Sérstakar þakkir frá Mýraboltafélaginu fá bæjarbúar á Ísafirði. „Vel var tekið á móti bæjarbúum og voru bæjarbúar góðir gestir heim að sækja. Við höfum mikinn skilning á því að það er álag að tvöfalda íbúafjöldan yfir heila helgi og við erum óendanlega þakklátir fyrir þátt hins almenna bæjarbúa í þessari helgi!“ sagði Jóhann Bæring.

– harpa@bb.is

Sælkerar vikunnar eru Sólveig Sigurðardóttir og Bjarni Pétursson í Bolungarvík

Stjarna Indlands

Við eigum marga uppáhalds-rétti en eftir að hafa flett í gegnum bestu uppskriftirnar urðu þessar 2 fyrir valinu.

Stjarna Indlands

300 gr rækjur
1 laukur
30 gr smjör, mér finnst best að nota ósaltað smjör
2-3 tsk karrí
1 epli skoríð í litla teninga
1 græn paprika skorin í teninga
1/2 dl vatn
1 teningur fiskikraftur
1 msk tómatsósa
1/4 ltr rjomi
1/2 tsk paprikuduft
1/2 tsk salt
2-3 dl soðin hrísgrjón
Saxið laukinn smátt og látið

krauma í smjörinu. Bæta karrínunni út í ásamt epli og papriku, látið sjóða við vægan hita undir loki í 10-15 mín. Bætið vatni, tómatsósu og fiskikrafti út í og sjóðið í 2-3 mín. Bætið rjómanum út í og sjóðið í 5 mín.

Látið rækjuna út í heita sósuna og látið þær hitna í geng en ekki sjóða.

Borið fram með hrísgrjónum og ristudu brauði. Það er líka gott að nota sósuna með öðrum fiski.

Blaut súkkulaði-kaka fyrir átta

Þessi kaka er alltaf jafn vinsæl á heimilinu.
60 gr Sírús 70% súkkulaði.
125 gr smjör
300 gr sykur
125 gr hveiti

1 1/2 tsk lyftiduft
1/2 tsk salt
1 1/4 dl mjólk
2 tsk vanilludropar
90 gr púðursykur
3 matsk. kakó
3 1/2 dl sjóðandi vatn

Hitið ofninn í 180 og smyrjið eldfast form. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og hrærið í á meðan það bráðnar. Setjið smjórið og helmingsinn af sykrunum í hræri-vélaskál og hrærið þar til blanda er létt og ljós. Sigið saman hveiti, lyftiduft og salt og bætið smátt og smátt út í smjörblönduna. Mjólkinni bætt út í ásamt súkkulaðinu, hræra varlega saman með sleikju og bæta vanilludropum saman við. Deigið sett í formið, blanda saman því sem eftir er



af sykri, púðursykri og kakó og strá yfir deigið. Sjóðandi vatninu er helt varlega yfir og bakað í 40-50 mínútur eða þar til yfirborðið hefur stífnað. Borið fram með berjum, rjóma eða ís. Kakan á að

vera þannig að hún er bökud ofan á en sósa í botninum.

Við skorum á dóttur okkar Kristínu Gretu Bjarnadóttur og Jón Guðna Pálmason. Þau eru algjörir meistarakokkar.



Marsibil Kristjánsdóttir, Billa, er fædd og uppalin á Þingeyri í Dýrafirði, dóttir hjónanna Kristjáns Gunnarssonar vélvirkja og Öldu Sigurveigar Sigurðardóttur verkakonu og listakonu, en þau búa bæði á Þingeyri. Róbert Daníel annar bræðra Billu býr einnig á Þingeyri og vinnur í vélsmiðju föður síns, Véla- og bílþjónustu Kristjáns, en hinn bróðirinn, Sigurður Karl, býr á Selfossi þar sem hann vinnur sem rútubílstjóri. Hún segir þau systkinin öll vera fjölbæf, svona altnuligmanneskjur eins og sumir segja.

Billa er listakona mikil og varla kemur maður á nokkurn stað á norðanverðum Vestfjörðum þar sem ekki er að finna verk eftir hana. Eiginmaður hennar er Elfar Logi



Held ég hafi ekki verið venjulegur

Hannesson, leikarinn og leikjahöfundurinn þekkti frá Bíldudal, og hafa þau unnið mikið saman í tengslum við leiklistarlífið.

Æskuárin á Þingeyri

„Það var mjög goft að alast upp á Þingeyri. Við krakkarnir fengum að vera lengi úti á kvöldin að leika okkur og upplifðum mikið frelsi. Ég sótti gjarnan í að fara niður á bryggju í bátana til að veiða, stundum ein á ferð en annars með einum eða tveimur vinum. Ég myndi samt lýsa mér meira sem einfara á yngri árum og hálfgerðri strákastelpu.“

Billa var líka meðvituð um það að strákarnir fengu að gera meira heldur en hún, enda þeir nokkru eldri. „En ég fann samt ekkert fyrir því heima fyrir, meira svona almennt í samfélaginu. Ef mig langaði að gera eitthvað, þá fékk ég að gera það. Ég fékk að vera ég sjálf og þeirri lexíu hef ég haldið að stelpunum mínum líka. Ég hefði líklega verið aðeins frjálsgreir í klæðaburði þegar ég var yngri, en ég fann alltaf fyrir því að ég var aðeins öðruvísi en hinar stelpurnar og vildi ekki auka á það. En samt, þegar þær fóru til hægri, þá

fór ég til vinstri.“

Listin heillaði hana frá unga aldri og voru áhrifavaldar þó nokkrir. Alda mamma hennar er þrónakona af lífi og sál og líkir Billa þjónahraða móður sinnar við þrónavél. „Hún framleiðir á við verksmiðju og hefur alltaf gert. Mamma hefur ætíð verið list-ræn, ég man eftir henni til dæmis þegar hún var að mála fjallamyndir með fingrunum. Hún vill þó ekki kannast við það en ég man vel eftir því svo hún getur ekki neitað.“

Hvað varðar pabba, þá hef ég hef alltaf sagt að hann geti allt, og hef ég ekki misst trúna á það eftir því sem ég eldist. Jú, það er reyndar eitt sem hann gat ekki gert. Ég hef alltaf verið þínu strákur í mér og hef líklega öfundað bræður mína sem ég hef alltaf litið upp til, sem hefur líklega haft þessi áhrif á mig. Einn daginn fékk pabbi óvenjulega bón frá mér þegar ég bað hann um að smíða fyrir mig typpi svo ég gæti verið eins og strákarnir. Hann hló nú bara að mér og sagði að ég væri nákvæmlega eins og ég ætti að vera, engu þyrfti að breyta,“ segir hún og hlær.

„Mikilvægasta lexían sem ég hef fengið frá foreldrum

mínum er sú, að það er ekki þess virði að æsa sig. Ég hef aldrei heyrt þau rífast, þau ræða málin bara út í rólegheitunum. Þessu hef ég reynt að fylgja í mínu hjónabandi líka og við Logi rífumst afar sjaldan,“ segir Billa.

Eldsmíðin heillar

„Pabbi minn hóf nám í vélvirkjun 1962 í Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri, en Guðmundur var einn af frumkvöðlum alhliða smiðjureksturs á Íslandi. Ég kom oft í vélsmiðjuna hjá pabba sem krakki, og svo vann ég þar í tvö ár rétt eftir aldamótin í skrifstofuvinnu og steypiríinu. Ég var sem sagt að gera mót í sand fyrir línuskífur í báta, aðstoða við að móta leiðagrandur fyrir kirkjugarða Reykjavíkur og hella járn í mótin.“

Svo fór ég á námskeið fyrir nokkrum árum í eldsmíði. Annars held ég að smíðadellan sé aðallega Danna bróður að þakka, hann hefur smíðað mig af áhuga og haft trú á frekju systur (gælunafn) enda er hann frábær eldsmiður. Fyrir nokkrum árum dró hann mig á Akranes á mót áhugafólks um eldsmíði og þá varð ekki aftur snúið. Við eldsmiðirnir stofnuðum

svo Eldsmiðafélag Íslands fyrir skömmu. Við hittumst einu sinni á ári á Akranesi og smíðum saman, lærum og kennum. Í byrjun júní var haldið Íslandsmót í eldsmíði og núna í ágúst verður Norðurlandamót. Iðnin hefur nýst mér í ansi margt, ég geri til dæmis töluvert af hálsmenum, hringjum, nælum og fleira.

Þegar ég var yngri smíðaði ég líka pínulítil vopn úr nöglum sem ég hamraði á steðja þangað til þeir voru beittir, svo sem hnífa eða sverð. Hugmyndina fékk ég líklega af sjóræningjadúkku Sigga bró, en hún átti nefnilega sverð úr plasti og gat hreyft höndina með sverðinu ef ýtt var á takka. Barbídukkurnar mínar fengu líka einhver vopn. Ég held ég hafi ekki verið venjulegt barn og oft farið aðrar leiðir en aðrir krakkar. Ætli krökkunum í þorpinu hafi ekki þótt ég dálítið skrítn,“ segir Billa kímín.

Fær innblástur í fjörunni

Aðdráttarafli fjörunnar og hafsins hefur alla tíð togað hana til sín. „Ég var alltaf mikið niðri í fjöru. Fjöruástríðuna hef ég frá Mundu ömmu [Guðmundu Jónu Jónsdóttur] frá Hofi í Dýrafirði. Hún

8 OG 12 ÁGÚST
★ **Ísaharðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bíó á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísaharðarbið skemmtun.is

WILLIS MALIKOVICH PARKER STEPHEN LEE HOPKINS MORRIS
RED 2
FIMMTUDAG 8. ÁGÚST KL 8

she's going from straight A's to getting her first C
The To Do List
FÖSTUDAG 9. ÁGÚST KL 8
LAUGARDAG 10. ÁGÚST KL 8

2D OG 3D
STRUMPAKNI 2
LAUGARDAG 10. ÁGÚST KL 3 Í 2D
SUNNUDAG 11. ÁGÚST KL 3 Í 3D

"TODAY, REAL... IS UNPLANNED. A MOVIE THAT REAFFIRMS YOUR FAITH IN THE HUMAN SPIRIT"
The Way Way Back
ÆDISLEG MYND M/ STEVE CARREL
SUNNUDAG 11. ÁGÚST KL 8
MÁNUDAG 12. ÁGÚST KL 8



legt barn

vann myndir mikið með steinum og skeljum úr fjörunni og var mikil listakona. Amma og afi [Gunnar Guðmundsson] voru bæði listamenn, afi málaði mikið eftir að hann hætti að vinna og vann þá mest olíumyndir og stundum límdi hann kóralla og steina á verkin. Við eigum sextíu til sjöti listaverk eftir þau hjónin sem við erum með til sýnis á Gíslastöðum í Haukadal í Dýrafirði. Fólk á oft ekki til orð þegar það sér verk þeirra. Það hafa ekki margir heyrt um þau enda er þetta listafólk sem var kannski eingöngu þekkt hérna á Vestfjörðum. Sýningargestirnir hafa orðið ástfangnir af verkum þeirra enda eiga þau fáa sína líka," segir hún.

Í fjöruferðunum fer ýmislegt í gegnum huga Billu. „Þetta er ákveðin hugleiðsla fyrir mig, ég fæ nýjar og ferskar hugmyndir sem ég nota í listinni og lífinu. Ég fer ekki bara í fjörunar hér í Dýrafirði til að ná mér í skeljar heldur fer ég til dæmis yfir á Rauðasand þar sem ég finn töluvert af fallegum hjarta- og hörpuskeljum. Skeljarnar nota ég mikið í listinni. Undanfarið þrjú ár hef ég smám saman verið að þekja grunninn á Gíslastöðum með skel-

um og steinum og ennþá á ég nokkuð eftir áður en því verki lýkur loksins. Fyrirtveimur árum fór ég að gera lítil skeljadyr en svo datt það niður hjá mér um tíma. Nú er ég nýbyrjuð á því aftur og nú þegar byrjuð að selja dyrin í Gallerí Kotru á Þingeyri. Alda, yngsta dóttir mín, hefur verið dugleg að hjálpa mömmu sinni að skapa dyrin. Ég sækí innblástur ekki bara úr náttúrunni heldur líka af netinu. Þvílíkur lúxus sem það hefði verið að hafa það þegar ég var yngri! Þarna er óendanleg uppspretta hugmynda. Þar til dæmis fékk ég aftur áhuga á að gera skeljadyrin. Svo söfnum við fjölskyldan líka sandi sem við setjum í krúkkur og merkjum hvaðan hann kemur, það felst nefnilega svo margt í sandinum. Nýjasti sandurinn er frá Súrnadal í Noregi, en þangað fórum við Elfar Logi í maí þegar hann var að sýna Gísla Súrsson.“

Gíslastaðir – vin í eyðimörkinni

Í félagsheimilinu Gíslastöðum í Haukadal eiga Billa og fjölskylda góðar stundir jafnt vetur sem sumar. Þar eyða þau oft jölunum og reyna að vera að lágmarki einn mánuð yfir sumartímann. „Þarna er maður úti í náttúrunni alveg við fjöruna, við njótum þess að spila mikið saman og leika. Annars hefur verið mikið að gera í leikhúsinu í sumar og Logi oft á ferð með sýningar og helgarnar hafa verið mjög annasamar.

Stelpurnar mínar elska þennan stað enda höfum við átt Gíslastaði í tæp 10 ár. Saga Nótt, barnabarn okkar Loga, dýrkar að vera þarna, og Alda lönn kemur stundum með vinkonu með sér. Miðstelpunni minni, Heiði Emblu, finnst gott að koma í dalinn, en bara smátíma í einu. Hún að byrja í menntaskólanum hér á Ísafirði í haust þar sem hún ætlar í grunnám hár- og snyrtigreina. Elsta dóttir mín, Sunneva, kemur sjaldnar núna þar sem hún býr í Reykjavík og nemur textílhönnun við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.“

Billa og leiklistarlífið

Eins og fram hefur komið er Billa gift Elfari Loga Hannessyni leikara. Þau eru afar samrýmd, ekki bara sem hjón og uppalendur heldur einnig í listinni. Elfar Logi stofnaði á sínum tíma Kómedíuleikhúsið, atvinnuleikhús á Vestfjörðum, og hefur verið duglegur að vinna úr sagnaarfi Vestfjarða. Þar á meðal eru uppfærslur eins og verðlauna-

leikurinn Gísli Súrsson frá 2005, Jón Sigurðsson strákur að vestan frá 2011 og Heilsugæslan frá 2009, svo fátt eitt sé nefnt. Act alone einleikjahátíðin er einnig á vegum Kómedíuleikhússins sem hefur séð um listræna stjórn hátíðarinnar allt frá upphafi.

Billa hefur verið virk í flestu ef ekki öllu sem tengist Kómedíuleikhúsinu og séð meðal annars um búninga-, sviðsmýnda- og leikmunahönnun og notið aðstoðar foreldra sinna við eitt og annað í leikhúsinu. „Pabbi er snillingur í að einfalda leikmyndasmíðina og leysa tæknileg vandamál og mamma saumaði meðal annars búninginn á Gísla Súrsson og bjó til brúðurnar Dimmalimm og Pétur. Við Logi tölum mikið saman og ræðum hugmyndirnar hans oft frá grunni og á meðan leikverk skapast koma hugmyndir um leikmynd, búninga og fleira. Það er erfitt að reka leikhús og oft ekki mikill peningur á milli handanna og þá er gott að gefa endurnýtt gömul föt og gardínur og jafnvel gamla leikmynd," segir Billa.

Dreymir um nám í skartgripahönnun

Billa er sjálfmenntuð í nánast öllu sem kemur að listinni. Utan eins vetrar í Myndlistaskólanum á Akureyri þar sem hún lærði mótaleikningu og fleira hefur hún ekki sótt annað nám eftir að grunnskóla lauk. „Ég lærði reyndar bókband hjá Davíð Kristjánssyni á Þingeyri. Ég keyrði tvisvar í viku til að vera með eldri borgurum á Tjörn þegar þeir komu saman eftir hádegis, konurnar voru í því að prjóna en ég og karlarnir vorum í bókbandinu. Það var frábær tími. En mig langar mikið í meira nám, sérstaklega að bæta við mig í handverkinu. Karlinn vill að ég fari í skóla en mig langar ekki að flytja.

Skartgripahönnun heillar mig mest núna. Ég prófaði gullsmíði þegar við bjuggum í Danmörku í tvö ár á meðan Logi var í námi við The Commercial School í Kaupmannahöfn. Þá tók ég einhver námskeið í gullsmíðinni og fannst það spennandi. Kennarinn minn hvatti mig til að halda áfram og reyna að komast á samning en við vorum þá á leiðinni til Íslands svo það varð ekkert úr því. Undanfarið ár hef ég víðað að mér miklu af upplýsingum um skartgripahönnun og þannig nám en það er allt erlendis. En ég læt mig dreyma áfram," segir Billa að lokum. – harpa@bb.is

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N **Sjóvinnufatnaður**
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Öll almenn húsmíði

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN **VESTFJARÐA ehf**
Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800

Bílaverkstæði
456 4580

BÍLATANGI HE.
ÍSAFIRÐI

Suðurgötu 9

Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is

Gámapjónusta Vestfjarða ehf

BLÁPOKINN
Fyrir sameiginlegan úrgang

Sími: 456 3710
gamarvest.is

8. ágúst 1992: Íslendingar urðu í fjórða sæti í handknattleik á Ólympíuleikunum í Barcelona, sem er besti árangur íslensks landsliðs á slíku móti. Sigurður Einarsson varð í fimmta sæti í spjótkasti á þessum leikum.

8. ágúst 1993: Þyrlur og Herkúles-flugvél frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli fóru í 1100 sjómílna flug, eitt lengsta sjúkra- og björgunarflug frá Íslandi, og sóttu veikan sjómann um borð í franskt rannsóknarskip NA af landinu.

9. ágúst 1959: Kristján Jónhann Jónsson í Lambanesi í Skagafirði hélt upp á 104 ára afmæli, fyrstur íslenskra karla. Kristján dó tæpu hálfu ári síðar en annar Skagfirðingur, Sigurður Þorvaldsson, bætti metið tæpum þremur áratugum síðar.

10. ágúst 1984: Bjarni Friðriksson hlaut bronsverðlaun í 95 kg flokki í júdó á Ólympíuleikum í Los Angeles í Bandaríkjunum. Áður hafði aðeins einn Íslendingur hlotið ólympuverðlaun.

11. ágúst 1951: Minnisvarði um Ásthildi og Pétur J. Thorsteinsson var afhjúpaður á Bíldudal. Pétur rak þilskipa-útgerð og verslun á Bíldudal.

12. ágúst 1849: Níu prestar og biskup stóðu samtímis skryðdir fyrir altari Dómkirkjunnar í Reykjavík. Margir héldu að hún myndi sökkva, samkvæmt Krukkuspá, en ekkert gerðist þann daginn.

13. ágúst 1987: Verslunarmiðstöðin Kringlan í Reykjavík var opnuð. Um fjöru tíu þús. manns komu í húsið fyrsta daginn. Það er um 28 þús. fermetrar og tugir verslana og þjónustufyrirtækja.

Horfur á föstudag:

Suðaustan- og austanátt,
5-10 m/s. Rigning sunnan-
lands en skúrir annars staðar
á landinu. Hiti 9-16 stig.

Horfur á laugardag:
Breytileg og síðar norðlæg
átt. Víða væta um land. Hiti
7-16 stig, svalast NV-til.

Horfur á sunnudag:
Norðlæg átt og rigning en
stytir upp um kvöldið. Bjart-
ast á SV-landi. Hiti 7-16 stig.



Jón Steingr.

Dramb

Fæði

Skapstyggi

Lek

Keyrði

Brakar

Hekk

Dans Sólguð

Skráveifa

Beins

Rödd

Blessa

Vaður

Værd

Samst.

Eldstö

Flan

Annríki

Viða

Fuglana

Hug

Annmarka

Mannsnafn

Tala

Veði-tækioð

Gömlum

Öf.tvíhlj.

Ófriður

Bólan

Bors

Glitra Maður

Asi

Veggur

Drykkur

Á fæti

Totu

Jaðar

Deyfð

Frá

Skessuna

R.vík

Stoppað Ötti

Blástur

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar
bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda




Lausn á síðustu krossgátu

				S	J	Ó	M	A	Ð	U	R
					G					S	
					R	E	I	S	U	N	A
					E	I		T		Á	S
Jón Steingr.	↓			H	I	N	D	R	A	Ð	I
	V	A	R	A	N	L	E	I	K	I	
V	Í	Ð	A		D	Æ	S	T	I		S
	G	A	N	D		G	E		R	Ú	M
	A	N	I	R	B	U	R	A		R	Á
	L		M	Ó	A	R	T		Á	T	A
	E	R	O	S	N		I	S	M	A	R
	G	Æ	S		I	N	N	T	A	K	
D	U	N	K	A		Á	N	I		A	A
	R	A		T	Ó	L		K	E	N	G
	↘	S	J	Ó	R	Æ	N	I	N	G	I
B	R	Á		M	Ó	G	Ú	L		A	N
	Á	L	L		I	Ð		S	E	N	N

Sudoku prautir

4	6							1
			7				6	
	1		9			7		5
		2	1					8
				8				
7					5	6		
2		6			9		4	
	9				3			
5							1	7

3	9		5			4		
	6			8		9		7
				7	9		6	
				6		5		
5				2				6
	1		7					
	8		3	1				
9		3		5			4	
		6			7		3	2



Konráð Eggertsson, skipstjóri og hrefnuveiðimaður.

Segir hvalaskoðun-armenn atvinnulygara

Konráð Eggertsson, skipstjóri og hrefnuveiðimaður á Ísafirði, segir nauðsynlegt að veiða hvali þó ekki væri nema til að viðhalda jafnvægi tegunda í hafinu. „Það er ekki spurning, það hlýtur hver heilvita maður sem hefur lært að lesa og hugsa, að sjá þetta. Það er heldur ekki gæfuríkt sem ég var að lesa, þ.e. að gera eigi verndarsvæði fyrir máva í Reykjavík, útbúa handa þeim eyjur. Það er ekki glóra í þessu helvíti. Mávinum er gefið að éta og hann fjölgar sér eins og kanínur. Það

eins sem á að gera er að skjóta hann í gríð og erg. Svo er ruglað í lífríkinu með tófunni, hún vernduð á Hornströndum og sett upp rugl setur í Súðavík sem er dæmalaust helvíti. Þeir sem stjórna þessu er eitthvert lið sem hefur verið mulið undir og tuggið ofan í fram yfir fermingu og það skilur ekki að það eru fleiri en þeir sem þurfa að afla tekna til að geta lifað.“

Aðeins hafa verið veiddar örfáar hrefnur í sumari en leyfilegt er að veiða um 200 dýr sam-

kvæmt vísindalegri ráðgjöf. Hvalveiðum hefur verið harðlega mótmælt af náttúruverndarsamtökum, sem og hvalaskoðunarmönnum, sem sumir halda því fram að veiðar og skoðunarferðir geti ekki farið saman. „Ég kalla þessa hvalaskoðunarmenn atvinnulygara. Þetta lið spakar í allt vísindalegt ef það hentar því ekki, það er bara málið. Svo er verið að tala um afkomu fyrir-tækjanna, þeir ættu að rekja sína sögu sjálfir þegar þeir voru að byrja.“

– hordur@bb.is

Góð viðbrögð við Smartneti

„Ég get ekki annað sagt en að við höfum fengið ágætis viðbrögð. Ég á von á að fá fullt af pöntunum um mánaðamótin, það er algengara að fólk skipti um mánaðamót þar sem það hefur þegar greitt fyrir aðra þjónustu. Það voru samt einhverjir sem gripu tækifærið og skiptu um leið og þeir gátu,“ segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri Snerpu á Ísafirði, sem opnaði fyrir þjónustuna

Smartnet fyrir í mánuðinum sem er öflug gagnatenging með allt að 70 Mbit/s.

„Þetta hefur allavega skilað sér eins og við áttum von á. Fólk fær þau afköst sem var lofað og það á í sjálflu sér eftir að koma í ljós hvernig þetta verður á öllum stöðum, það fer eftir heimtaugasambandi. Við opnuðum líka út í Hnífsdal fyrir helgina svo Hnífsdælingar hafa nú mun meira úrval

af sjónvarpslausnum, bæði sjónvarp Símans og Vodafone. Fólk getur valið þjónustuaðila, hægt er að fá myndlykil hjá okkur frá Vodafone sem þjónustar bæði Skjáiinn og 365,“ segir Björn.

Unnið er að því að koma Smartnetinu upp víðar á Vestfjörðum og Suðureyri og Flateyri eru næst á dagskrá en Björn á frekar von á að Suðureyri verði á undan.

– hordur@bb.is

Innheimtustofnun flytur á Ísafjörð

„Við erum búin að semja um húsnæði við D1 ehf. sem er eignarhaldsfélag í eigu Íslandsbanka. Stofnunin verður því til húsa á 1. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði þar sem Síminn var áður með verslun. Ég vona að við getum byrjað að koma okkur fyrir upp úr miðjum september en 1. október verðum við vonandi flutt yfir. Það var samið við þann aðila sem bauð okkur hagstæðasta og besta húsnæðið fyrir okkar starfsemi. Áður en við auglýstum eftir húsnæði höfðum við verið í

samningaviðræðum við aðila á Flateyri um langt skeið en náðum ekki saman um leiguverð og viðhald. Við þurftum nauðsynlega á stærra og hentugra húsnæði að halda þar sem við erum að bæta við okkur starfmönnum eins og stefna stofnunarinnar gerir ráð fyrir, það er að fjölga fyrir vestan þegar störf hafa losnað á starfsstöðinni í Reykjavík,“ segir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður starfsstöðvarinnar á Vestfjörðum.

Bragi segir að verið sé að fjölga

starfsfólki og því hafi verið nauðsynlegt að færa starfsstöðina í stærra húsnæði. Benedikt Bjarnason, sem áður starfaði hjá Fiskistofu á Ísafirði, hefur verið ráðinn til að sinna svokallaðri Norðurlanda innheimtu og hefur hann störf um miðjan ágúst. „Við erum að auglýsa eftir innheimtufulltrúum í kröfudeild og almenna afgreiðslu. Vonandi að við fáum gott fólk í þær stöður en mikil ánægja hefur verið með starfsemi og starfsfólkið hér fyrir vestan,“ segir hann.

BETRA BAK Á ÍSAFIRÐI

ÚTSALA!

EASY hægindastóll

Kynningarverð

EASY hægindastóll með skemli

Topgrain leður á slitflötum.
Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

KYNNINGARVERÐ
aðeins kr. 69.900
Fullt verð 89.900



25% afsláttur af
Chiro Collection heilsudýnum



Chiro Deluxe dýna (aukahlutir á mynd botn og lappir)
Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.250
180x200 cm. Verð nú kr. 141.750

EGON hægindastóll

Kynningarverð

EGON hægindastóll með skemli

Slitsterkt áklæði.
Hægt að halla aftur.

KYNNINGARVERÐ
aðeins kr. 69.900
Fullt verð 89.900



Sængurver í sérflokki!

20% afsláttur



Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar **25% afsláttur**

Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200

kr. 33.162

Verð kr. 47.375



TEMPRAKON

Vandaðar C&J heilsudýnur!

20% afsláttur

Verðdæmi

C&J Platinum heilsudýnur og -rúm

STÆRÐ	TILBOÐ DÝNA	TILBOÐ DÝNA OG NAN-BOTN
100x200	35.200	56.000
120x200	40.800	64.800

C&J Gold heilsudýna

STÆRÐ	TILBOÐ DÝNA	TILBOÐ DÝNA OG NAN-BOTN
100x200	44.000	64.800
120x200	51.200	75.200
160x200	66.400	97.600
180x200	72.800	106.400



Charlotte & Julien
Dream your world™

Frábært verð!

Svefnsófar

margar gerðir

15%-35% afsláttur



Verðdæmi

Dýnstærð 140x200 cm

SENSEO svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 267.800**

Fullt verð kr. 412.000

www.betrabak.is



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opð virka daga kl. 12⁰⁰-18⁰⁰
og laugardaga kl 11⁰⁰-13⁰⁰